

Náttúruperla í Austurríki

Íslendingahótelid í St. Michael í Lungau

26. ágúst – 2. september 2010



Smábærinn St. Michael í Lungau héraði í Austurríki er mikil náttúruperla. Bærinn er vel þekktur meðal íslenskra skíðamanna sem þar hafa dvalið og notið lífsins að vetri til. Að sumarlagi mætti líkja bænum við himnaríki útivistarmannsins, því möguleikarnir eru jafn fjölbreyttir og náttúruflóran í fjallshlíðunum – útreiðartúrar, sundlaugar, fjallarússibani, svífdrekflug, tennis, náttúrustígar og í stuttu göngufæri frá hótelinu er fallegur 18 holu golfvöllur. Fjöllin í kring eru tilvalin til léttari gönguferða og að njóta fjalladýrðarinnar, en ótalmargir möguleikar eru einnig fyrir hjólríðafólk og annað útivistarfólk. Hér eru merktar gönguleiðir innan um skógi vaxnar fjallshlíðarnar, upp á fjallstinda, framhjá fornum kóstulum og öðrum menningarleifum. Vinsælt er taka kláf upp á fjall og ganga niður í dalinn eftir vel merktum göngustígum. Þá er um að gera að staldra við á fjallaveitingastöðunum og fá sér hressingu og ekta sveitamat. Dvalið á hinu stórgóða Íslendingahótelu **Hotel Speiereck** þar sem einstaklingar jafnt sem fjölskyldur njóta vinalégrar þjónustu hótelhaldara í fallegu og afslöppuðu andrúmslofti. Staðsetning Lungau er afar miðsvæði og til að mynda er einungis um 100 km til **Salzburger** fæðingarbær Mozarts. Flogið er til München og ekið til Lungau. Tæplega 3ja tíma akstur. Í þessari vikuférd verður boðið uppá stuttar kynnisferðir og gönguferðir um St. Michael og næsta nágrenni.



Skihotel Speiereck *** <http://www.skihotel-speiereck.at/islaendisch/index.htm>

Á hótelinu er setustofa, bókasafn, líkamsræktaraðstaða, garður og aðgengi að þráðlausu interneti. 200 metrar niður í miðbæ. Öll herbergi eru með baði/sturtu, sjónvarpi og hárpurku.

26. ágúst

Flogið með Ícelandair til München kl. 7.20 og lent þar kl. 13.05 að staðartíma. Ekið til St. Michael í Lungau, afar fallega fjallaleið, um 250 km. Þar verður dvalið í faðmi fagurra fjalla og einstakrar náttúrfegurðar - í viku á heimilislegu 3* fjallahótelu sem er rekið af íslenskri fjölskyldu.

27. ágúst

Draumur margra er að fara í **gönguferð í Ölpunum** og nú gæti sá draumur ræst. Í boði er gönguferð um nágrennið og fjöllin. Í hvaða formi sem viðkomandi er, má hæglega finna gönguleið við hæfi, og "hjálpartæki" eins og strætó, fjallalyftur eða reiðhjól eru einnig til staðar ef á þarf að halda. Einnig má minna á gullfallegan golfvöll í nágrenninu. Sem sagt - útivistardagur!

28. ágúst

Við njótum áfram lífsins í Ölpunum. Frjáls dagur til að gera hvað sem hugurinn girnist.

29. ágúst

Dagsferð til Salzburg, fæðingarborgar Mozarts. Afar glæsileg borg með einstaklega vel varðveittum byggingum í barokkstíl. Sérstaklega er gaman að rölta um gamla bæinn eða Altstadt, en hann er skráður á heimsminjaskrá UNESCO. Umhverfi borgarinnar er líka söguvið kvikmyndarinnar Tónaflóðs (e. Sound of Music).

30. ágúst

Við njótum áfram lífsins í Ölpunum. Frjáls dagur til að gera hvað sem hugurinn girnist.



31. ágúst

Boðið upp á kynnisferð um alpaveröldina. Ekinn gullfallegur fjallahringur, m.a. að hæsta fjalli Austurríkis, **Grossglockner** (3798 m). Þá verður stoppað í smá stund í bænum **Heiligenblut**. Síðan ekið áfram til **Zell am See**, sem er afar fallegur og þekktur skíða- og ferðamannabær við samnefnt vatn. Staldrað við þar áður en hringnum er lokað í St. Michael undir kvöld.

1. september

Við njótum áfram lífsins í Ölpunum, frjáls dagur til að gera hvað sem hugurinn girnist.

2. september

Kveðjustund. Ekið til **Munchen** en þaðan er flogið til heim. Flugtak kl. 14.05 og landing í Keflavík kl. 16.00.

Ferðatilhögun: Flug til/ frá München • Lungau 7 nætur.

Netverð á mann

kr. 169.600 á mann í tvíbýli.

kr. 186.900 á mann í einbýli.

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli í 7 nætur með hálfu fæði, akstur til og frá flugvelli erlendis og íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið: Valfrjálsar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.

Staðfestingargjald er kr. 50.000. Lágmarkspátttaka er 20 manns, einnig í kynnisferðum.
